



Erindisbréf

Stjórn Tryggingarsjóðs LSS

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila, sem fulltrúa LSS, í stjórn tryggingarsjóðs LSS til tveggja ára:

Formaður Magnús Smári Smárason, magnuss@lsos.is s: 691 1513
Bjarni Ingimarsson, bjarnii@lsos.is s:699 4159

Að auki skipa atvinnurekendur tvo aðila til viðbótar í sjóðinn.

Tryggingarsjóður er sjálfstæður sjóður og starfar skv. samþykktum þess. Sjóðurinn er skipaður fjórum aðilum til tveggja ára í senn. Stjórn LSS skipar tvo fulltrúa og launagreiðendur jafnmarga. Aðilar skulu skipa jafnmarga varamenn. Formaður og framkvæmdastjóri eiga rétt á að sitja fundi sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Skrifstofustjóri LSS er starfsmaður sjóðsins.

Gildistími skipunar: September 2020 – apríl 2022.

Markmið orlofssjóðs:

- Auka tryggingavernd slökkviliðsmanna vegna sérstaks eðlis starfa þeirra.
- Tryggja slökkviliðsmönnum bætur ef þeir verða fyrir slysum í starfi sínu og geta ekki sinnt starfi sínu áfram með hefðbundnum hætti.
- Fylgjast með þróun annarra landa varðandi örorku slökkviliðsmanna.
- Halda utan iðgjöld og greiðslur vegna kaupa á tryggingum.

Hlutverk stjórnar LSS:

Hlutverk sjóðsins er að auka við tryggingavernd slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna þegar þeir eru við störf són og bæta þá tryggingavernd sem kveðið er á um í 7. Kafla kjarasamnings LSS og SNS vegna starfa þeirra sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn.

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri sjóðsins. Fulltrúum LSS ber að vinna eftir áherslum stjórnar LSS og funda því reglubundið með gjaldkera og framkvæmdastjóra LSS. Sjóðsstjórn er sjálfstæð í störfum sínum en heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Sjóðsstjórn hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

Hlutverk stjórnar sjóðsins eru m.a.:

- Sjóðsstjórn mótar stefnu LSS í tryggingamálum slökkviliðsmanna.
- Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri þess og starfar samkvæmt gildandi reglugerð um starfsemi þess.
- Fulltrúar LSS í stjórn tryggingarsjóðs fylgja eftir stjórnar- og þingsamþykktum LSS.
- Ef gerðar eru breytingar á reglum tryggingarsjóðs skulu fulltrúar LSS bera þær undir stjórn LSS.



- Í lok hvers almanaksárs ber sjóðsstjórn að skila skýrslu þar sem gert er grein fyrir fjárhag og starfsemi sjóðsins.
- Í upphafi skipunartímabils skal sjóðsstjórn skipta með sér verkum, setja sér starfsreglur og starfa skv. þeim.
- Fylgja eftir bókunum í kjarasamningi um útvíkkun sjóðsins varðandi sjúkdómatryggingar.

Starfshættir

Formaður sjóðsins ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum stjórnarmönnum, ásamt framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund.

Vonast er til að stjórn LSS skili eftirfarandi árangri:

- Aukinni tekjuvernd fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn sem slasast við sín.
- Haldi áfram að útvíkka tryggingar fyrir slökkviliðs- og sjúkramenn þannig að störf þeirra séu metin að verðleikum.

Fjármál

Tryggingasjóður er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá atvinnurekendum. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetu þar sem um sjálfboðaliðastarf er að ræða en allur útlagður kostnaður er greiddur. Öll fjárútlát þarf sjóðsstjórn að samþykkja.

Tengiliður út stjórn LSS: Magnús Smári Smáráson, formaður.

Starfsmenn LSS: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.
Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Hermann Sigurðsson
Framkvæmdastjóri